

Miðvikudagurinn 8. ágúst 1979.

Nr. 4/1979. **Vinumálasamband samvinnufélaganna  
vegna skipadeildar S.Í.S.**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands**

**vegna Skipstjórafélags Íslands,**

**Stýrimannafélags Íslands,**

**Vélstjórafélags Íslands,**

**Félags íslenskra loftskreytamanna og**

**Félags bryta**

(Arnmundur Backman hdl.)

Yfirvinnubann. Verkfall. Kjarasamningar. Bráðabirgðalög nr. 70/1979.

### **Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 25. júní s.l.

Stefnandi málsins er Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna skipadeildar S.Í.S.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skip-

stjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags loftskéytamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur „að yfirvinnubann það, sem samninganefnd yfirmanna á kaupskipum tilkynnti skipadeild SÍS um með bréfi dags. 20. júní s.l. og komið hefur til framkvæmdar, verði dæmt ólöglegt og andstætt lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og fari í bága við ákvæði kjarasamninga þeirra félaga yfirmanna á kaupskipum, sem að yfirvinnubanninu standa. Þá er þess krafist, að stefnd félög verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.“

Dómkröfur stefnda voru þessar við dómtöku málsins:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af þeirri kröfu stefnanda, að yfirvinnubannið sé brot á kjarasamningum félaga yfirmanna við kaupskipaútgerðir.

Til þrautavara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda hvað varðar Skipstjórafélag Íslands, Félag íslenskra loftskéytamanna og Félag bryta.

Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda. Í greinargerð stefnda kom fram krafa um frávísun málsins. Með dómi Félagsdóms 10. f.m. var sú krafa tekin til greina með atkvæðum meirihluta dómenda. Var niðurstaða þessi kærð til Hæstaréttar, sem með dómi 30. f.m. felldi frávísunardóminn úr gildi og lagði fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málavextir eru þeir, að 1. apríl 1979 voru runnir út kjarasamningar Skipstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenskra loftskéytamanna og Félags bryta, sem öll eru aðilar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, við skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, sem er aðili að Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Ofangreind stéttarfélög yfirmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands undirrituðu samstarfsyfirlýsingu, sem þann 28. mars 1979 var send Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Er yfirlýsing þessi svohljóðandi:

„Vélstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Skipstjórafélag Íslands, Félag ísl. loftskéytamanna og Félag bryta hafa náð samstöðu um samvinnu og kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við

útgerðarfélög farskipa og gera með sér svofellt samkomulag um starfshætti við samningagerðina:

1. Leita skal aðstoðar F.F.S.Í. eftir venju.
  2. Skipuð skal sameiginleg samninganefnd. Ennfremur eigi F.F.S.Í. fulltrúa í nefndinni.
  3. Einstökum fulltrúum er óheimilt að ræða eða ljá máls á framkomnum tillögum mótaðilans, til samþykktar eða neitunar. Allar slíkar tillögur skulu ræddar innan nefndarinnar og ákvarðanir teknar þar um hvernig svara skuli.
  4. Allar innbyrðis viðræður nefndarfulltrúa um samningsatriði, álit hvers og eins, svo og niðurstöður, skulu ávallt skoðast sem algjört trúnaðarmál.
  5. Engum fulltrúa einstakra sambandsfélaga er heimilt að samþykkja frávík eða breytingar á framlögðum kröfum, nema því aðeins að samninganefndin hafi innbyrðis orðið einróma ásátt um slíkt. Náist ekki einróma samkomulag innan nefndarinnar skal því aðeins fara fram atkvæðagreiðsla innan hennar, að einróma samkomulag sé um það og hafi öll félögin jöfn atkvæði við slíka atkvæðagreiðslu.
  6. Ekki er heimilt að ræða einstöku atriði við mótaðila, sem snerta eina starfsgrein sérstaklega, nema að fulltrúi þeirrar starfsgreinar sé viðstaddur.
  7. Þegar sameiginlegur grundvöllur hefur fundist fyrir samningum, sem nefndin hefur orðið ásátt um að leggja fyrir félögin til samþykktar, skulu félögin boða til funda svo fljótt, sem kostur er. Atkvæðagreiðsla skal fara fram leynilega innan hvers félags og skulu atkvæði talin samtímis á einum stað af 2 mönnum frá hverju félagi ásamt fulltrúa F.F.S.Í., sem stjórnar talningunni. Fari svo að eitthvert félag felli samningana, skulu þeir skoðast felldir af öllum félögum.
  8. Samkomulag þetta er bindandi fyrir alla fulltrúa sem þátt taka í samningaviðræðum, lengri eða skemmri tíma. Brjóti einhver fulltrúi samkomulagið í þeim mæli, að meirihluta nefndarinnar finnist óviðumandi, má víkja honum frá fundarsetu og ræður þá einfaldur meirihluti hinna nefndarmanna. Skal félag hans eins fljótt og við verður komið tilnefna annan í hans stað.
- Með bréfi dags. 17. apríl s.l. boðaði Farmanna- og fiskimanna-samband Íslands fyrir hönd framangreindra stéttarfélaga til vinnu-

stöðvunar á skipum stefnanda. Hófst svo verkfall félagsmanna þessara félaga á farskipum stefnanda 25. apríl s.l. Sáttatilaunir sáttasemjara ríkisins leiddu ekki til lausnar á deilunni. Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 frá 19. júní s.l., sem birt voru sama dag, var kveðið á um stöðvun verkfallsins og boðaðra verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

Forsendur með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 eru þær „..... að verkfall yfirmanna á farskipum hafi staðið frá 25. apríl s.l. og frá 3. júní s.l. hjá undirmönnum innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðila innan Vinnuveitendasambands Íslands. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands lagt verkbannt á undirmenn á farskipum frá 11. maí s.l. og auk þess boðað vegna þessara deilna viðtækt verkbannt, sem að óbreyttu muni hefjast 25. júní n.k. Sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn deilnanna. Verkbann þetta og verkfall hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum, tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórfelldum truflunum og stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna verði framhald á þeim. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda endi á deilur þessar.“

Í bráðabirgðalögunum segir m.a. svo í 1. mgr. 1. gr.:

„Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.“

Ákvæði 2., 3., 4. og 6. gr. laganna eru svohljóðandi:

„2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarféлага í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

## 3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

## 4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n.k.

## 6. gr.

Með broti gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.“

1. mgr. 7. gr. laganna er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.“

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðaði til sameiginlegs fundar yfirmanna á farskipum árdegis 19. júní s.l. Á síðari hluta fundarins síðdegis sama dag var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur yfirmanna á íslenskum flutningaskipum haldinn í Sigtúni hinn 19. júní 1979, mótmælir harðlega þeim ótímabæru afskiptum ríkisstjórnar af löglega boðuðu verkfalli.

Fundurinn fordæmir afskipti einstakra ráðherra af þessari kjara-deilu sem hafi orðið til að torvelda allar sáttaumleitanir.

Fundurinn samþykkir að engin vinna við losun og lestun fari fram á tímabili 12.00—13.00 og 17.00—08.00 virka daga svo og laugar-, sunnu-, helgi- og tyllidaga meðan lög þessi eru í gildi í Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Straumsvík, Keflavík og Njarðvík, svo og öðrum heimahöfnum.

Einnig verði engar færslur innan hafna eða milli hafnarsvæða á nefndu tímabili.

Ennfremur samþykkir fundurinn að fela forustumönnum stéttarfélaganna að segja upp þrælasamningi þeim er ríkisstjórnin hefur þröngvað inn á félagin og boða verkfall frá fyrsta degi eftir að þrælasamningurinn fellur úr gildi.

Við gjörð kjarasamninga sem frjáls verkalyðsfélög skal gildistími

þeirra samninga vera 25. apríl 1979 og skulu kauphækkarnir og aðrar kjarabætur er um semst endurreiknast aftur til þess tíma.“

Daginn eftir ritaði Ingólfur Sig. Ingólfsson, fyrir hönd samninga- nefndar yfirmanna útgerðarfélögum kaupskipa, sem aðild eiga að Vinnuveitendasambandi Íslands bréf, sem ritað er á áprentað bréfs- efni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og er svohljóð- andi:

„Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var þriðjudaginn 19. júní 1979 var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæðinu (Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og Gufunesi) til ársloka að telja. Verði gerðar tilraunir til brota gegn banni þessu, getur komið til sérstakra aðgerða.“

Með bréfi til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mót- mælti Júlíus Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri stefnda hinu boðaða yfirvinnubanni. Er bréfið svohljóðandi:

„Vinnumálasambandinu hefur borist bréf yðar til Skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga dags. 20. júní s.l. þar sem lýst er yfir yfirvinnubanni við losun, lestun og færslu skipa á heimahafnar- svæðinu Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði og Gufunesi til ársloka.“

Af þessu tilefni lýsir Vinnumálasamband samvinnufélaganna því yfir, að það telur mikinn vafa leika á lögmati ofangreindra aðgerða og áskilur sér allan rétt í því sambandi.

Vinnumálasambandið telur nauðsynlegt að skorið verði úr lögmati yfirvinnubannsins og mun því vísa málinu til Félagsdóms til úrskurð- ar f.h. Skipadeildar SÍS.“

Bréfi þessu svaraði Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fyrir þess hönd með bréfi dags. 21. júní, sem hljóðar svo:

„Framkvæmdastjórn sambandsins hefur á fundi sínum í dag fjallað um bréf yðar dags. 20. júní 1979, þar sem mótmælt er þeirri ákvörðun fundar yfirmanna á kaupskipum að vinna ekki yfirvinnu við lestun, losun og færslu skipa innan heimahafnar til áramóta og vísað til boðunar sambandsins á þeim aðgerðum. Einnig lýsið þér yfir ólögmati aðgerða yfirmanna. Framkvæmdastjórn lætur ósvar- að þeirri staðhæfingu yðar, að um samningsbrot sé að ræða og einnig þeirri að ólögmett sé, að neita yfirvinnu, en vill hins vegar

benda yður á að umrædd samþykkt er gerð og framkvæmd án tilhlutunar framkvæmdastjórnar sambandsins.“

Ágreiningslaust er að frá 10. júní s.l. hafi stýrimenn og vélstjórar, sem áttu að vinna um borð í skipum sínum í greindum höfnum eftir kl. 17.00 ekki innt af hendi störf sín eftir þann tíma á daginn. Hafi þeir látið loka lestaropum og fella bómur og krana skipanna þannig að ekki hafi verið unnið við fermingu og affermingu eftir kl. 17.00 á daginn.

Úrskurður kjaradóms samkvæmt bráðabirgðalögunum nr. 70/1979 um kjör áhafna á farskipum gekk svo 31. júlí 1979.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í upphafi samningaviðræðna málsaðila á síðastliðnu vori, þegar kröfur voru lagðar fram, hafi fulltrúum vinnuveitenda verið gerð grein fyrir því, að sérstök samninganefnd yfirmanna hafi verið skipuð, sem annast myndi samningaumleitun og samningsgerð við vinnuveitendur í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Jafnframt hafi verið lagður fram samstarfssamningur stéttarféлага yfirmanna og stéttarsambands þeirra. Samstarfsnefnd yfirmanna hafi síðan farið með samningagerð af þeirra hálfu allt þar til samningaumleitun lauk við setningu bráðabirgðalaga nr. 70/1979. Þegar ljóst hafi orðið, að skammt hafi verið að biða bráðabirgðalaga, hafi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðað til fundar yfirmanna hinn 19. júní s.l. með auglýsingu í útvarpi. Fundur þessi hafi staðið enn yfir þegar bráðabirgðalögin voru gefin út. Á fundinum hafi verið ákveðið að grípa til yfirvinnubanns þess, sem nú stendur yfir. Þessi ákvörðun hafi verið tilkynnt Skipadeild S.Í.S. með bréfi dags. 20. júní s.l. undirrituðu af Ingólfi Sig. Ingólfssyni fyrir hönd samstarfsnefndarinnar og hafi bréfið verið ritað á bréfsefni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en Ingólfur sé forseti sambandsins. Hafi yfirvinnubanni þessu síðan verið fylgt eftir með verkfallsvörslu og hafi verið staðið að henni með sama hætti og um verkfall væri að ræða. Af því sem hér hefur verið rakið sé ljóst, að yfirvinnubannið sé félagsleg aðgerð, sem stéttarfélög yfirmanna standi að með vitund og vilja Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Við mat á því, hvers konar félagslegt fyrirbæri yfirvinnubannið sé og hvort það fari í bága við ákvæði laga nr. 80/1938, verði að líta til þess, hvort í yfirvinnubanninu felist breyting á hefðbundnu vinnufyrirkomulagi við lestun og losun skipa. Skip séu dýr og

afkastamikil tæki. Hafi ávallt verið reynt að nýta afkastagetu þeirra sem best, meðal annars með því að hafa viðdvöl þeirra í höfn sem stysta. Hafi þessi sjónarmið verið viðurkennd af öllum hlutaðeigandi stéttarfélögum og yfirvinna ávallt unnin í höfn, þegar þess var óskað. Komi þetta fram í 19. gr. kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands og 12. gr. kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands frá 25. júlí 1977, en samkvæmt þessum samningsákvæðum sé félagsmönnum þessara stéttarféлага skylt að vinna yfirvinnu við lestun og losum skipa að ósk útgerðar. Í rammasamningum sömu stéttarféлага, sem samninganefnd yfirmanna hafi samþykkt á fundi með sáttasemjara hinn 15. júní s.l. og færð hafi verið til bókunar, sé gert ráð fyrir sams konar yfirvinnuskyldu.

Það sé skoðun fræðimanna, að launþegum sé skylt að vinna yfirvinnu, jafnvel þar sem engin ákvæði sé að finna í kjarasamningum í þessa átt, enda hafi launþegum verið tilkynnt þetta í tíma. Þessi takmörkun á yfirvinnuskyldunni eigi ekki við, þegar yfirvinna leiði af eðli starfs eða þar sem bjarga þurfi verðmætum.

Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 hafi endir verið bundinn á langt verkfall, sem stöðvað hafi kaupskipaflota landsmanna og ógnað öllu atvinnulífi í landinu. Hafi tilgangur laganna verið sá, að koma á eðlilegu ástandi á því kjaramálasviði, sem lögin taka til. Í því skyni hafi meðal annars verkbönn og verkföll verið bönnuð. Af þessu leiði, að þeir kjarasamningar, sem í gildi voru áður en verkfall hófst, vakni til lífs á ný og haldi gildi sínu þar til ný skipan hafi komist á í samræmi við niðurstöðu kjaradóms þess, sem skipaður var samkvæmt ákvæðum laganna. Væri þetta ekki reyndin yrði niðurstaðan sú, að engar reglur giltu meðan beðið væri eftir niðurstöðu kjaradóms. Slíkt fái ekki staðist og fari í bága við viðurkenndar reglur á sviði vinnuréttar og andstætt tilgangi bráðabirgðalaganna. Yfirvinnubannið feli í sér breytingu á vinnufyrirkomulagi sem ávallt hafi viðgengist, og sé því verkfallsaðgerð. Með ákvæðum 4. gr. bráðabirgðalaganna séu hvers konar verkfallsaðgerðir bannaðar og því sé verkfallið ólöglegt, hvernig svo sem til þess hafi verið boðað.

Enda þótt þetta nægi til að kröfur stefnanda verði teknar til greina komi fleira til. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur sé stéttarfélagi heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum. Í þessu



felist það, að vinnudeila verði að vera yfirstandandi og í annan stað verði kröfur að vera þess efnis, að viðsemjandi geti orðið við þeim, án þess að varði við lög. Að því er fyrra atriðið varðar nægi að benda á það, að vinnudeilu aðila hafi lokið við setningu bráðabirgðalaga nr. 70/1979. Að því er síðara atriðið varðar leggi 4 gr. bráðabirgðalaganna bann við annarri skipan kjaramála, en lögin geri ráð fyrir. Yfirvinnubannið sé því tilraun viðkomandi stéttarféлага til að knýja stefnanda til lagabrota. Með dómi sínum hafi Félagsdómur áður viðurkennt, að ólögmætt sé að beita verkfalli til að knýja vinnuveitanda til að gera kjarasamning, sem fari í bága við ákvæði kjarasamnings, sem vinnuveitandi hafi gert við anfað stéttarfélag. Þessi regla sé sjálfsögð og eðlileg. Því ætti umrætt yfirvinnubann þeim mun frekar að vera ólögmætt, þar sem það hafi þann tilgang að knýja stefnanda til lögbrota.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að yfirvinnubannið sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, enda sé þessi aðgerð ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafar, sbr. II. kafla laganna, sbr. og 44. gr. 1. tl. laganna. Hér sé hins vegar um að ræða vinnuhindrun, sem sé algerlega á ábyrgð þeirra einstaklinga, sem að henni stóðu. Aðgerð þessi sé heldur ekki brot á bráðabirgðalögum nr. 70/1979 eða kjarasamningum stéttarféлага yfirmanna og útgerðarféлага. Varakrafa stefnda er byggð á því, að svo óljóst hafi verið um yfirvinnuskyldu yfirmanna á farskipum að umrædd vinnuhindrun verði ekki talin brot á kjarasamningum. Þrautavarakrafa stefnda er byggð á því, að hvorki sé sannað að Skipstjórafélag Íslands, Félag íslenskra loftskeytamanna eða Félag bryta hafi tekið þátt í umræddu yfirvinnubanni né heldur hvíli á félagsmönnum þeirra samningsbundin skylda til yfirvinnu. — Er því haldið fram að er leggja skuli mat á það, hvort ákveðin aðgerð sé verkfall eða verkbann í skilningi II. kafla vinnulöggjafarinnar verði að leggja til grundvallar þær heimildir, sem vinnulöggjöfin veiti til boðunar slíkra aðgerða. Í 14. gr. 1. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé mælt fyrir um að gera megri verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Í vinnulöggjöfinni sé hins vegar hvergi að finna skilgreiningu á því hvað sé vinnustöðvun. Samkvæmt almenntri skilgreiningu á sviði vinnuréttar sé það verkfall þegar verkamenn í einu stéttarfélagi eða fleirum leggi niður vinnu að einhverju eða öllu leyti í þeim tilgangi að þvinga fram lausn á kjaradeilu milli

stéttarfélags og atvinnurekanda. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 sé vinnustöðvun því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin af stéttarfélagi eða félagi atvinnurekanda eftir fyrirmælum laganna, sem tæmandi séu talin. Því sé ekki andmælt að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi komið fram fyrir hönd félaga sinna í nýafstaðinni vinnudeilu. Hins vegar beri að líta á það, að ákvörðun um verkfallsboðun hafi verið tekin hjá hverju félagi fyrir sig í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og í samræmi við lög hvers félags. Í félagslögum félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé ákveðið hver hafi völd til að taka ákvarðanir um vinnustöðvun og aflétta henni og sé það yfirleitt trúnaðarmannaráð, sem taki þá ákvörðun eða hún sé tekin með leynilegri atkvæðagreiðslu, svo sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 80/1938. Hins vegar hafi hvorki Farmanna- og fiskimannasamband Íslands né einstök aðildarfélög tekið ákvörðun um umdeilt yfirvinnubann eða haft það til umræðu eða meðferðar að neinu leyti. Skipti hér heldur ekki máli, þótt umrætt yfirvinnubann hafi verið boðað í nafni samninganefnar yfirmanna, svo sem fram komi í tilkynningu um það til útgerðarfélaga hinn 20. júní s.l. samkvæmt samkomulagi þeirra félaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem aðild eiga að máli þessu, hafi samninganefnd félaganna það umboð eitt að vinna að kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við atvinnurekendur. Samninganefndin hafi því hvorki haft heimild til verkfallsboðunar né annarra félagslegra aðgerða eða vinnuhindrana af neinu tagi.

Af því sem hér hefur verið rakið sé ljóst, að umrætt yfirvinnubann, sem boðað var 20. júní s.l. fullnægi hvorki að formi né efni til skilyrðum til að geta talist verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvörðun um það hafi ekki verið tekin með lögformlegum hætti, sé ekki á ábyrgð hinna einstöku félaga, sem stefnt hefur verið í máli þessu, og hafi það hvorki verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins né þeim, sem það beinist gegn með sjö sólarhringa fyrirvara, svo sem mælt sé fyrir um í 16. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 séu verkbönn og verkföll óheimil til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða. Umdeildu yfirvinnubanni hafi því aldrei verið ætlað að vera verkfall og sé því mótmælt af hálfu stefnda að það sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938. Í tillögu þeirri, sem sam-

þykkt hafi verið á fundi yfirmanna á íslenskum farskipum hinn 19. júní s.l., felist að tilgangur yfirvinnubannsins sé fyrst og fremst sá að mótmæla setningu bráðabirgðalaga til lausnar kjaradeilu aðila máls þessa og einnig að sporna við gífurlegri yfirvinnu farmanna á farskipum. Hér sé því um að ræða ákveðna vinnuhindrun, sem þeir yfirmenn, sem á fundinum voru, hafi tekið sem einstaklingar. Félögin beri því ekki ábyrgð á þessari ákvörðun félagsmanna sinna og samningsrofum, sem af henni kunni að leiða. Það fari hins vegar eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 70/1979 hvort umdeilt yfirvinnubann sé brot á þeim lögum, en í 6. gr. bráðabirgðalaganna sé mælt fyrir um að með brot á þeim skuli fara að hætti opinberra mála og varði brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ekki beri að taka til greina þá kröfu stefnanda, að umrætt yfirvinnubann sé brot á kjarasamningum varnaraðila og sóknaraðila, enda hafi verið mikill vafi um gildi kjarasamninga milli þeirra og efni þeirra. Bráðabirgðalögin hafi ekki framlengt kjarasamninga þá, sem síðast voru í gildi milli stéttarféлага yfirmanna og útgerðarféлага kaupskipa, heldur hafi þau þvert á móti kveðið á um að ákvæði gerðardómsins skyldu gilda aftur fyrir sig frá gildistöku laganna. Er í þessu sambandi einnig haldið fram, að óljós ákvæði kjarasamninga tveggja varnaraðila af fimm geti ekki túlkast sem fortakslaus og ótakmörkuð skylda til yfirvinnu félagsmanna allra varnaraðila að geðþótta útgerðarféлага. Verði og að skýra ákvæði kjarasamninga vélstjóra og stýrimanna sem skyldu þeirra til yfirvinnu svo, að hún takmarkist við brýna þörf og öryggisatriði.

Þrautavarakrafa stefnda er studd þeim rökum, að algjörlega sé ósannað, að félög þau, sem þar eru nefnd, hafi tekið þátt í ólöglegri vinnustöðvun. Í kjarasamningum þessara féлага hafi aldrei verið ákvæði um yfirvinnuskyldu félagsmanna þeirra. Er því og haldið fram að félagsmenn þessir hafi ekki neitað að inna af hendi þau störf sem af þeim hefur verið krafist eftir fundarsamþykktina 19. júní og hvernig sem á málið verði litið hafi verkfall af þeirra hendi aldrei orðið virkt.

Varnaraðilar hafa að gefnu tilefni frá Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands veitt þær upplýsingar, að hvorki stjórnir félaganna né félagsfundir hafi fjallað um yfirvinnubannið.

Niðurstaða dómsins:

Samstarfssamningur var gerður í mars 1979 milli stéttarféлага yfirmanna á farskipum og stéttarsambands þeirra, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, áður en verkfall var boðað. Samningi þessum hefur áður verið lýst.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðaði hinn 17. apríl s.l. í umboði stéttarféлага yfirmanna til verkfalls, sem kom til framkvæmda 24. apríl kl. 24.00.

Bráðabirgðalög nr. 70/1979 um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbanasaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands voru gefin út og birt 19. júní s.l.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðaði til sameiginlegs fundar yfirmanna á kaupskipum í samkomuhúsinu Sigtúni kl. 10.00 árdegis þriðjudaginn 19. júní s.l. Þeim fundi lauk með margnefndri samþykkt um yfirvinnubann.

Yfirvinnubann þetta var síðan boðað útgerðarfélögum kaupskipa af forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fyrir hönd samninganefndar stéttarfélaganna.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður að telja að umræddur fundur yfirmanna 19. júní s.l. og ákvörðun sú, sem þar var tekin, hafi verið á vegum hinna stefndu stéttarféлага og heildarsamtaka þeirra og því sé kröfum stefnanda réttilega beint gegn þeim, enda verður eigi séð af gögnum málsins að hin einstöku stéttarfélög hafi andmælt yfirvinnubanninu eða skorað á félagsmenn sína að gegna vinnuskyldu sinni.

Skýra verður ákvæði bráðabirgðalaga nr. 70/1979 svo, að þau hafi veitt gildi kjarasamningum, er stéttarfélög yfirmanna og útgerðarfélög farskipa höfðu síðast gert með sér og hafi yfirmönnum borið að starfa á grundvelli þeirra svo sem tíðkast hafði þar til fyrir lægi úrskurður kjaradóms, sem samkvæmt lögnum skyldi ákveða kjör og launakerfi áhafna á farskipum.

Það er ágreiningslaust, að samkvæmt síðustu kjarasamningum stýrimanna og vélstjóra við útgerðarfélög farskipa þar þeim að vinna að ósk útgerðarmanna þá tíma, þá daga og í þeim höfnum, sem greint er í fundarsamþykktinni. Verður að líta svo á, að samkvæmt bráðabirgðalögum hafi stýrimönnum og vélstjórum borið að inna af hendi vinnu á þessum tímum, en fram er komið, að þeir hafi þá lagt niður vinnu gegn vilja útgerðarfélaganna og valdið því

að vinna annarra við fermingu og affermingu stöðvaðist. Fram er komið, að ákvæði úrskurðar kjaradóms samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 70/1979 um kjör stýrimanna og vélstjóra, sem gekk 31. f.m., eru efnislega samhljóða ákvæðum síðustu kjarasamninga um yfirvinnuskyldu. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður að telja umræddar aðgerðir stýrimanna og vélstjóra ólögmæta vinnustöðvun og því brot á bráðabirgðalögum nr. 70/1979, sbr. einkum 4. gr. þeirra, og brot á kjarasamningum við útgerðarmenn og þar með í andstöðu við lög nr. 80/1938.

Samkvæmt stöðu sinni ber skipstjóra jafnan að sjá skipi sínu farborða, enda þótt hann standi ekki sérstakar vaktir. Í samþykkt yfirmanna 19. júní 1979 um yfirvinnubann er meðal annars fram tekið, að um „engar færslur innan hafna eða milli hafnarsvæða“ verði að ræða á nefndu tímabili. Það er í verkahring skipstjóra að færa skip á milli hafna og innan hafnar. Samþykktin um yfirvinnubannið tekur því einnig til skipstjóra í reynd, enda er ágreiningslaust, að skip, sem hér skipta máli, hafa ekki verið færð til innan hafnar eða á milli tilgreindra hafna á þeim tíma sólarhrings og á þeim dögum, sem yfirvinnubanninu var ætlað að ná til. Verður því að líta svo á, að um ólögmæta vinnustöðvun hafi einnig verið að ræða hjá skipstjórum á sama hátt og hjá stýrimönnum og vélstjórum.

Að því er varðar stéttarfélög loftskeytamanna og bryta hefur því að vísu ekki verið mótmælt, að menn úr þessum félögum hafi veitt tillögu þeirri, sem samþykkt var á fundinum 19. júní s.l. atkvæði sitt. Það er hins vegar ekki fram komið, að þeir hafi neitað að sinna störfum sínum svo sem tíðkast á grundvelli síðustu kjarasamninga stéttarfélaganna þeirra. Ekki er fram komið, að félagsmenn þeirra hafi tekið þátt í sameiginlegri verkfallsvörslu.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands fyrir hönd Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands gert að greiða stefnanda, Vinnuálagssambandi samvinnufélaganna fyrir hönd Skipadeildar S.Í.S. málskostnað, sem ákveðst kr. 400.000,00, en ekki þykir næg ástæða til að Félagi íslenskra loftskeytamanna og Félagi bryta verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn

Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Páll S. Pálsson og Árni Guðjónsson.

**D ó m s o r ð:**

Framangreint yfirvinnubann, sem boðað var og kom til framkvæmda 20. júní s.l. er ólögmæt vinnustöðvun, brýtur í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og er brot á kjarasamningum Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, og Vélstjórafélags Íslands við Skipadeild S.Í.S. og er í andstöðu við lög nr. 80/1938.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands greiði fyrir hönd framangreindara aðildarféлага sinna Vinnumálasambandi samvinnufélaganna fyrir hönd Skipadeildar S.Í.S. kr. 400.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.